

Alþingi
Erindi nr. P 140/752
komudagur 9.12.2011

Akranesi 09.12. 2011

Í skýrslu stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015 kemur fram að „teknar verði upp heilsuefandi heimsóknir um land allt sem nái í fyrsta áfanga til allra 75 ára og eldri. Verði þær fastur þáttur í heimaþjónustu og komi inn í endurskoðuð ákvæði um hana“.

Meðfylgjandi þingsályktun samræmist þessari stefnumótun.

Framundan er mikil endurskoðun og uppstokkun á þjónustu við eldri borgara. Sú vinna tengist þeim aðhaldsaðgerðum sem hjúkrunarheimilum og sjúkrahúsum er gert skylt að framkvæma. Sýnt er að umsóknum í heimaþjónustu mun fjölga þar sem fólk mun ekki lengur hafa jafn greiðan aðgang að þjónustu ríkisstofnana.

Því er þessari þingsályktun fagnað.

Ef tekið er mið af því vinnulagi sem notað er í Danmörku þá verður að efla heimaþjónustu sveitarfélaga verulega og einnig verður að auka vægi menntaðra starfsmanna sem hafa það hlutverk að aðstoða og þjálfa fólk til að takast á við daglegar athafnir.

Fram kemur í þingsályktuninni að Danir bjóði fólki upp á heimsóknir 2 sinnum á ári. Það er mjög jákvætt vegna þess að heilsa og aðstæður fólks geta breyst hratt og því auðveldara að grípa inn í þjónustuna með viðeigandi hætti með 6 mánaða millibili.

Ef þessi þingsályktun verður að lögum mun þjónusta við íbúa sem eru 75 ára og eldri stórbatna. Hægt verður að fylgjast betur með aðstæðum fólks og grípa inn í með viðeigandi ráðstöfun mun fyrr.

Virðingarfyllt,

F.h. Akraneskaupstaðar

Laufey Jónsdóttir

Verkefnastjóri félagslegrar heimaþjónustu